



# **Rawls á Íslandi**

Óskar Gíslason

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Október 2012**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# Rawls á Íslandi

Óskar Gíslason

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði  
Leiðbeinandi: Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Stjórnmálafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Október 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Óskar Gíslason 2012  
2704843609

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Réttlæti er lykilhugtak þegar talið berst að skipan þjóðfélaga. Margir hafa ritað um réttlætið og skoðanir á því eru skiptar. Fjallað verður um réttlætiskenningu bandaríska heimspekingsins John Rawls sem hefur haft mikil áhrif á hugsun þeirra sem láta sig stjórn málaheimspeki varða. Kenningin felur í sér að skipan samfélagsins skuli vera á þá leið að hinum verst settu þegnum þess sé gert kleift að lifa sómasamlegu lífi og að þeir skuli hagnast á ójafnri skiptingu gæða. Rök Roberts Nozicks gegn kenningu Rawls verða kynnt til sögunnar, en tilkallskenning hans segir til um að einstaklingurinn eigi tilkall til eigna sinna og hæfileika og að afskipti ríkisvaldsins séu óþörf og óréttlát. Umræðan sem skapast hefur á Íslandi um réttlæti hefur oft á tíðum verið áhugaverð, og því verður tæpt að á henni. Að lokum verða tölur um atvinnufrelsi ólíkra landa borin saman við hag þeirra verst settu til að skera úr um hvar hinum verst settu vegnar best. Leidd verða að því rök að hið vestræna kapítalíska skipulag lýðræðis sé það sem henti best fyrir hina verst settu og aðra afskipta hópa og uppfylli kröfur Rawls um að hinir verst settu skuli hagnast á ójafnri skiptingu gæða.

<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>2. RÉTTLÆTISKENNING RAWLS.....</b>	<b>7</b>
<b>3. FÁVÍSISFELDUR OG FJALLDALAREGLA .....</b>	<b>13</b>
<b>4. GAGNRÝNI ROBERTS NOZICKS Á RÉTTLÆTISKENNINGUNA .....</b>	<b>17</b>
<b>5. RAWLS Á ÍSLANDI .....</b>	<b>22</b>
<b>6. VÍSITALA ATVINNUFRELSIS OG KJÖR HINNA VERST SETTU .....</b>	<b>31</b>
<b>7. KJÖR HINNA VERST SETTU Á ÍSLANDI 1995 TIL 2004 .....</b>	<b>36</b>
<b>8. ÞRÓUN KJARA HINNA VERST SETTU .....</b>	<b>39</b>
<b>9. NIÐURSTAÐA .....</b>	<b>42</b>
<b>HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>44</b>

# 1. Inngangur

Réttlætiskening súa er John Rawls smíðaði á sínum tíma hafði mikil áhrif á alla umræðu um stjórnmálaheimspeki. Kenning Rawls, sem endurvakti að einhverju leyti hugmyndina um samfélagssáttmála, fór sem eldur í sinu um heim allan með viðkomu á eyjunni okkar í norðri, Íslandi. Hér að neðan verður réttlætiskeningunni gerð skil, en bæði verður fjallað um hana almennt ásamt því að einstökum hlutum hennar; fávísisfeldinum og fjalldalareglunni nánar tiltekið, verður gefinn nánari gaumur. Réttlætiskeningin er langt frá því að geta talist óumdeild — til marks um það hefur ófáum blaðsíðum stjórnmálaheimspekinga verið varið í skrif um hana — og gagnrýni Roberts Nozicks á hana verður því reifuð í þriðja kafla. Þegar þeirri umfjöllun sleppir er komið að umræðunum sem spunnist hafa um Rawls á Íslandi og ritgerðum sem skrifaðar hafa verið um hann. Orðaskipti Þorsteins Gylfasonar, Eyjólfssonar, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og Vilhjálms Árnasonar vegna skrifa Þorsteins um réttlæti verða rakin og lokaritgerðir Gunnars Arnar Sigvaldasonar, Sigríðar Halldórsdóttur og Tómasar Inga Adólfssonar við íslenska háskóla, kynntar. Í þessum lokaritgerðum er sett fram gagnrýni á kenningu Rawls frá sjónarhóli kvenréttinda, fatlaðra og kynþáttahyggju.

Í ljósi fjalldalareglu Rawls, sem gerir kröfu um að skipan samfélagsins skuli vera á þann hátt að hinir verst settu hafi það sem best er að lokum spurt: Hvar vegnar hinum verst settu best? Með þessari spurningu er tilgangurinn að komast að því við hvers konar hagskipulag hinum verst settu vegnar best –hvar kjör þeirra eru best. Í ljósi þess að Rawls skilgreinir ekki nákvæmlega hverjir hinir verst settu eru verður hópurinn skilgreindur sem þau 10% sem hafa það verst eða eru með öðrum orðum fátækust. Við leitina að svári verða tölur um atvinnufrelsi skoðaðar, en þær gefa vísbendingar um hagskipan þjóðfélaga, og bornar saman við hag hinna verst settu. Tímabilið frá 1995 til 2004 hér á Íslandi verður skoðað með hliðsjón af þessum tölum og þróun kjara hins verst setta hóps frá 1995 til 2004 og að lokum verður þróun kjaranna eftir 2004 skoðuð.

Tölur atvinnufrelsis verða einnig skoðaðar í samhengi við þá gagnrýni sem beinist að réttlætiskeningunni frá sjónarhóli kvenréttinda með það fyrir augum að sýna fram á að hagur kvenna er bestur við verulegt atvinnufrelsi. Leidd verða að því rök að það kapítalíska skipulag sem einkennir hin frjálsu Vesturlönd veiti þegnum landanna sem best skilyrði og flest tækifæri til að njóta sín í samfélagi manna og uppfylli því skilyrði Rawls um hagsmuni hinna verst settu.

## 2. Réttlætiskening Rawls

John Rawls var bandarískur heimspekingur sem fæddist árið 1921. Fimmtugur að aldri, árið 1971, gaf hann út bók sem hafði feikileg áhrif á svið stjórn málaheimspeki og vakti athygli enn víðar. Bók þessa nefndi hann; *Kenning um réttlæti* (e. *A Theory of Justice*). Í þessu merka riti reifar Rawls í löngu máli það sem hann telur skipta höfuðmáli um réttindi manna og skiptingu lífsgæða.<sup>1</sup>

Í byrjun *Kenningar um réttlæti* fjallar Rawls um það sem helst einkennir samfélög manna. Honum virðist sem samfélag sé samtíðinnun ólíkra einstaklinga sem lúta ákveðnum samskipta- og siðareglum og njóta af því góðs, þar sem samvinnan færir öllum meiri gæði. Samfélag manna á einnig sínar myrku hliðar, en Rawls bendir á stöðuga togstreitu manna á milli. Togstreita þessi spreittur af þeirri staðreynd að einstaklingar í samfélagi við aðra hafa skoðun á því hvernig gæðin deilast á menn. Menn kjósa, eðli sínu samkvæmt, stærri sneið frekar en þá minni af samfélagskökunni.<sup>2</sup>

Þessar staðreyndir kalla, að mati Rawls, á reglur sem segja til um skiptingu gæða samfélagsins og draga um leið úr togstreitunni sem ríkir. Þessar reglur kallar Rawls reglur félagslegs réttlætis. Hlutverk þeirra er að útdeila félagslegum skyldum og réttindum ásamt því að skilgreina hvernig samfélagskökunni skal skipt á milli þegna. Ásamt þessum reglum þarf samfélagið að ná stöðugleika, þannig að einstaklingar í samfélaginu lúti þeim, og stofnanir þess hafi mátt til að framfylgja reglunum, sé þeim ekki fylgt.<sup>3</sup>

Þegar semja á reglur til handa samfélagsins sem eiga að framfylgja réttlætinu sjálfu, verður að skilgreina hver gangur réttlætisins sé í raun. Rawls setur ekki fram altækar hugmyndir um réttlætið heldur einbeitir hann sér að

---

<sup>1</sup> Nils Gilje og Gunnar Skirbekk. *Heimspekisaga*. Þýðandi Stefán Hjörleifsson. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999), 693.

<sup>2</sup> John Rawls. *A Theory of Justice. Revised Edition*. (Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 1999), 4.

<sup>3</sup> Sama heimild, 4 og 6.



grunngerð samfélagsins og hvernig best sé að huga að byggingu samfélags, til að tryggja réttlæti þegna þess. Þannig hefur Rawls mestan áhuga á því hvernig félagslegar stofnanir samfélagsins standa að skiptingu gæða og réttinda. Í þessu samhengi má telja upp frelsi til hugsunar og samviskufrelsi, frjálstan markað og eignarrétt ásamt hinni hefðbundnu fjölskyldu sem félagslegar stofnanir sem Rawls vill setja almennar réttlætisreglur.<sup>4</sup> Grunngerð samfélagsins, að mati Rawls, er svo mikilvæg því hún getur haft mikil áhrif á líf einstaklinga – og áhrifin byrja strax við fæðingu. Menn fæðast til ólíkra aðstæðna, og samkvæmt kenningu Rawls getur það litað allt líf einstaklings þar sem ólíkar aðstæður skapa hjá mönnum ólíkar væntingar til lífsins, sem erfitt er að réttlæta með vísan í sanngirni.<sup>5</sup> Rawls setur fram hugmynd sína um svokölluð frumgæði (e. primary goods), en þau skipta höfuðmáli fyrir einstaklinga og skapa þeim tækifæri á að lifa sómasamlegu lífi. Frumgæðin eru félagsleg gæði sem veita einstaklingum möguleika á að þroskast og þróast. Rawls tiltekur fimm tegundir frumgæða: grundvallarréttindi og frelsi, ferðafrelsi og atvinnufrelsi, völd og skyldur sem fylgja ábyrgðarstöðum, tekjur og auður sem einstaklingur gæti þurft til að ná ákveðnum markmiðum og að lokum félagslegar forsendur sjálfsvirðingar sem felast í því að einstaklingurinn öðlist tilfinningu fyrir eigin verðleikum fyrir tilstuðlan stofnanna samfélagsins. Frumgæðin eru að mati Rawls þau gæði sem frjálssir einstaklingar þurfa til að finna til sín sem borgarar samfélags. Við réttláta samfélagsskipan þar sem þegnarnir búa við jöfn réttindi, frelsi og jöfn tækifæri, segir Rawls að þeir sem hafi minnstar tekjur og auð teljist hinir verst settu.<sup>6</sup> Rawls telur að réttlætisreglur samfélagsins eigi að ná utan um þann ójöfnuð sem getur skapast á þennan hátt.<sup>7</sup>

Til þess að leiða fram þessar reglur setur Rawls fram samfélagssáttmálakenningu í anda Lockes, Rousseaus og Kants. Rawls setur sína sáttmálakenningu þó fram á annan hátt en fyrri kenningar af sama meiði, þar sem réttlætisreglurnar leika lykilhlutverk í sáttmála hans. Með sáttmálanum gerir Rawls ráð fyrir því að þátttakendur í samfélaginu komi sér saman um

---

<sup>4</sup> Sama heimild, 6.

<sup>5</sup> Sama heimild, 7.

<sup>6</sup> John Rawls, *Justice as Fairness*, (Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 2001), 57-60.

<sup>7</sup> Rawls, *A Theory of Justice*, 7.

grundvallarreglur þær, sem taka á réttindum, skyldum og dreifingu gæða. Þetta samkomulag þarf, að mati Rawls, að verða til við aðstæður þar sem fullkomið jafnræði er með einstaklingunum.<sup>8</sup> Kenninguna kallar Rawls: *Réttlæti sem sanngirni* (e. justice as fairness).<sup>9</sup>

### **Upphafsstaðan og fávísisfeldurinn**

Hlutverk réttlætisreglanna í sáttmálakenningu Rawls er ekki eina atriðið sem greinir hana frá eldri sáttmálakenningum. Til þess að komast að því hvaða reglur einstaklingar myndu í sameiningu setja sér – til að tryggja réttlætinu brautargöngu í samfélaginu — setur Rawls fram hugmynd sem hann kallar upphafsstöðuna. En í þessari upphafsstöðu eiga einstaklingar að funda með það markmið að setja samfélaginu réttlætisreglur.<sup>10</sup> Upphafsstaðan er að vissu leyti nátengd hugmyndum fyrri hugsuða um hið náttúrlega ástand (e. state of nature), sem gegndi til dæmis lykilhlutverki í kenningum Rousseaus og Lockes, en þó er hún verulega frábrugðin náttúrlega ástandinu. Rawls tekur það skýrt fram að upphafsstaðan er hvorki dregin af neinni sögulegri stöðu né árdögum mannelegs samfélags, heldur er hún hugsuð sem hugarsmíð sem hjálpi við að leiða réttlætisreglurnar fram. Í upphafsstöðunni er jafnræði meðal einstaklinga sem komið er á með svokölluðum fávísisfeldi (e. veil of ignorance (sem fjallað verður nánar um, neðar)), en hann gerir það að verkum að einstaklingar vita ekki stöðu sína í þjóðfélaginu og geta því ekki beitt sér fyrir eigin hagsmunum. Af því leiðir, að sögn Rawls, að réttlætisreglurnar eru niðurstaða sanngjarns sammings. Nafn kenningarinnar – réttlæti sem sanngirni – vísar í þessa upphafsstöðu, þar sem reglur réttlætisins eru settar fram við fullkomlega sanngjarnar aðstæður.<sup>11</sup>

Þegar einstaklingarnir, eða fundarmennirnir eins og þeir eru oft nefndir, eru í upphafsstöðunni þurfa þeir að beita skynseminni til þess að móta reglurnar sem mynda sáttmálann.<sup>12</sup> Rawls segir eðlilegt að líta á fundarmennina sem jafningja og því eigi hver þeirra sem er jafnan rétt þegar kemur að rökræðum um

---

<sup>8</sup> Sama heimild, 10-11.

<sup>9</sup> Sama heimild, 11.

<sup>10</sup> Sama heimild, 11.

<sup>11</sup> Sama heimild, 11-15.

<sup>12</sup> Sama heimild 15-16.

efni reglanna; þeir geta allir lagt fram hugmyndir og komi saman að valinu á reglunum. Upphafsstaðan og fávísisfeldurinn gera það því að verkum, að réttlætisreglurnar eru valdar af skynsömum einstaklingum sem vita ekki hvaða kosti eða galla þeir bera, en vilja þó hag sinn sem bestan.<sup>13</sup>

Rawls segir eftirsóknarvert fyrir einstaklinga sem taka afstöðu til grunngerðar samfélagsins að ná því sem kallað er íhugult jafnvægi (e. reflective equilibrium). Hann útskýrir hugmyndina um íhugult jafnvægi á þann hátt, að einstaklingar sem búi bæði yfir skynbragði á réttlæti og rökhugsun þrói á lífsleiðinni með sér alls kyns skoðanir og dóma, sem þeir telji réttláta. Þessar hugmyndir, sem mynda skoðanagrunn einstaklingsins, geta rekist á samsvarandi skoðanir annara eða jafnvel á aðrar skoðanir þessa sama einstaklings. Þegar slíkir árekstrar eiga sér stað fer einstaklingurinn yfir skoðanir sínar, veltir þeim fyrir sér og kannar á þeim alla fleti, þangað til að einhvers konar málamiðlun er náð þannig að skoðanirnar stangist ekki lengur á. Þegar einstaklingur nær þessu marki segir Rawls hann hafa náð íhugulu jafnvægi.<sup>14</sup>

### **Réttlætislögmálin tvö**

Fundarmennirnir bera, eins og fram hefur komið, hag sinn fyrir brjósti við val á reglunum. Hver og einn þeirra vill hámarka eigin lífsgæði og aðgang sinn að frumgæðum. Rawls telur að fundarmennirnir velji því reglur sem bjóði upp á sem besta möguleika fyrir alla, þar sem þeir eru ómeðvitaðir um stöðu sína. Fundarmennirnir eru, að sögn Rawls, ekki drifnir áfram af öfund og reyna því ekki að lágmarka möguleika annara eða hafa áhrif á það bil sem mögulega gæti skapast á milli manna við skiptingu frumgæða.<sup>15</sup> Reglurnar sem Rawls setur að lokum fram eru eftirfarandi:

1. Allir skulu hafa sama rétt til fyllsta frelsis, sem samþýðist því að hver þeirra njóti sama frelsis og hinir.

---

<sup>13</sup> Sama heimild, 17.

<sup>14</sup> Sama heimild, 18.

<sup>15</sup> Sama heimild, 125.

2. Allur ójöfnuður –félagslegur og fjárhagslegur— skal vera með þeim hætti að:

a. ætla megi, með skynsamlegu móti, að hann sé þeim til mestra hagsbóta sem verst eru staddir

b. öllum sé jafnfrjálst að keppa eftir hvaða sérstöðu sem vera skal.<sup>16</sup>

Eins og lesa má úr reglunum, taka þær á ólíkum sviðum grunngerðar samfélagsins. Fyrri reglan, samkvæmt kenningu Rawls, tryggir mönnum jafnan rétt til frelsis og ver rétt manna til að taka þátt í stjórnámálum (t.d. kosningarétt), málfrelsi þeirra, hugsanafrelsi og eignarrétt.<sup>17</sup> Þessi regla er því oft nefnd frelsisreglan.<sup>18</sup> Seinni reglan nær yfir skiptingu auðs og tekna ásamt því að leggja línurnar fyrir jöfnu aðgengi manna að stöðum í stofnunum samfélagsins.<sup>19</sup> Í ljósi þess að seinni reglan leitast við að hámarka lágmarkið er hún því nefnd fjalldalareglan (sjá nánari umfjöllun um fjalldalaregluna hér fyrir neðan), en Þorsteinn Gylfason orðaði hana á þann hátt að: „fjöll megi ekki vera hærrí né tignari en þarf til þess að dalirnir séu sem blómlegastir og byggilegastir.“<sup>20</sup> Með öðrum orðum ber að gæta þess að þeir verst settu hafi það sem best og að allur ójöfnuður sé þeim í hag.

Rawls raðar reglunum upp á þann hátt að fyrri reglan gengur fyrir þeirri síðari þannig að grunnfrelsinu, sem frelsisreglan tryggir, verði aldrei fórnað til að tryggja félagslega eða efnahagslega framför. Frelsið, sem bundið er í frelsisregluna og úthlutað jafnt til allra manna, má aðeins takmarka skarist réttindi sem falla undir frelsisregluna. Frelsi er það eina sem getur skert frelsi.<sup>21</sup> Reglurnar, samkvæmt kenningu Rawls, ber ekki að túlka á þann hátt að þær taki til einstaklinga og samskipta þeirra á milli heldur ítrekar hann að þær nái yfir

---

<sup>16</sup> Þorsteinn Gylfason. *Réttlæti og ranglæti*. (Reykjavík: Heimskringla, 1998), 14-15. Þýðing Þorsteins á Rawls, *A Theory of Justice*, 266.

<sup>17</sup> Sama heimild, 53.

<sup>18</sup> Will Kymlicka. *Contemporary Political Philosophy*. 2. útgáfa. (Oxford: Oxford University Press, 2002), 56.

<sup>19</sup> Rawls, *A Theory of Justice*, 53.

<sup>20</sup> Þorsteinn Gylfason. *Réttlæti og ranglæti*, 64-65.

<sup>21</sup> Rawls, *A Theory of Justice*, 53-54.

grunngerð samfélagsins og séu ætlaðar til að haga skipan stofnana þess í átt til réttlætis.<sup>22</sup>

---

<sup>22</sup> Sama heimild, 56.

### 3. Fávísisfeldur og fjalldalaregla

#### Fávísisfeldurinn

Eins og fram hefur komið gegnir fávísisfeldurinn lykilhlutverki í upphafsstöðu réttlætiskenningarinnar. Tilgangur feldsins er að koma í veg fyrir að einstaklingar notfæri sér aðstæður við samningsborðið í eigin hag og komi þannig ár sinni sem best fyrir borð. Fávísisfeldurinn gerir það að verkum að menn vita ekki af sjálfum sér – hvaða mann þeir hafa að geyma og hver staða þeirra er – en kunna skil á almennum reglum og venjum samfélagsins. Út frá þessum almennu forsendum veга menn því og meta reglurnar sem standa til boða.<sup>23</sup>

Einstaklingar sem liggja undir fávísisfeldinum vita sem sé ekki neitt um stöðu sína í samfélaginu, hvorki um stétt sína né hlutskipti sitt í dreifingu gæða – hvorki efnislegra- né náttúrugæða. Hvort einstaklingur er ríkur eða fátækur; gáfaður eða heimskur; ungur eða gamall, allt fær þetta að liggja á milli hluta þegar undir feldinn er komið.<sup>24</sup>

Ástæða Rawls til þessarar víðtæku og markvissu blindu sem hann ljær gestum sínum við samningsborð upphafsstöðunnar er sú, að til þess að reglurnar sem settar eru séu sem bestar er nauðsynlegt að fundarmenn geti ekki með nokkru móti hyglað sjálfum sér og sínum líkum.<sup>25</sup> Hægt er að ímynda sér einstakling sem í upphafsstöðunni hefði það fram yfir aðra að vita eigin stöðu í samfélaginu að öllu leyti. Er ekki líklegt að sá hinn sami velji þá regluskipan – og þrýsti á aðra fundarmenn um að gera slíkt hið sama — sem kæmi honum best? Ríkur maður vildi eflaust sleppa vel undan skattheimtu ríkisins á meðan sá fátæki myndi líkast til tala fyrir sem umsvifamestu velferðarkerfi, þar sem hann vissi að hann myndi líklega njóta góðs af því.<sup>26</sup> Fávísisfeldurinn kemur í veg fyrir

---

<sup>23</sup> Sama heimild, 118.

<sup>24</sup> Sama stað.

<sup>25</sup> Sama heimild, 119.

<sup>26</sup> Sama heimild, 17.

að slíkar aðstæður myndist. Undir fávísisfeldi hefur einstaklingur engar forsendur fyrir því að krefjast einhvers í ljósi sérhagsmuna þar sem hann er algjörlega ómeðvitaður um þá, séu þeir til. Eins gæti hann valið reglur sem svo kæmu sér illa þegar feldinum væri svipt af honum og forðast því líklega að beita sér af of miklum krafti í þágu ákveðinna hópa. Í ljósi þessa er hægt að gefa sér að einstaklingar undir fávísisfeldi gætu komið sér saman um almennar reglur án þess að krefjast sérréttinda – hver og einn velur fyrir alla.<sup>27</sup>

Þrátt fyrir að fávísisfeldurinn svipti einstaklinga vitund um sjálfa sig er ekki með því sagt að þeir séu illa upplýstir. Öðru nær. Rawls gerir ráð fyrir að fundarmenn séu vel að sér um hin ýmsu mál sem lúta samfélaginu. Þannig búa þeir yfir skilningi á stjórnarfari og efnahagsmálum ásamt því að hafa góða almenna þekkingu á málum er varða mannlegt samlíf. Það eina sem fundarmenn vita um samfélag sitt er að þar er réttlæti í hávegum haft og því veltur vinna þeirra á að finna almenn lögmál til styrkingar réttlætisins.<sup>28</sup> Til þess að tryggja að fundarmennirnir undir fávísisfeldinum hugi að framtíðinni gerir Rawls ráð fyrir að þeir séu forsjármenn fjölskyldna. Með því telur Rawls að tryggt sé að fundarmennirnir gæti þess að afkomendur sínir fái að njóta réttlætisins.<sup>29</sup>

Skortur upplýsinga sem fávísisfeldurinn skapar er í raun forsendan fyrir því að smíða almennar reglur til handa samfélagsins, byggðar á réttlæti. Ef fundarmenn kæmu allir að borðinu undir eigin flaggi meðvitaðir um sig og sína stöðu, segir Rawls eflaust hægt að útiloka einhverja niðurstöðu sem mark væri á takandi og sem væri nothæf að einhverju leyti.<sup>30</sup>

---

<sup>27</sup> Sama heimild, 120-121.

<sup>28</sup> Sama heimild, 119.

<sup>29</sup> Sama heimild, 111.

<sup>30</sup> Sama heimild, 121.

## Fjalldalareglan

Fjalldalareglan er sú regla — eins og áður hefur komið fram — sem á að tryggja það að sólskinið nái að skína á dalsbotninn, svo að þar þrífist blómlegt líf. Þessi seinni hluti annarar reglu Rawls gengur með öðrum orðum út á það að betri lífsgæði og væntingar þeirra sem hafa það gott skuli ávallt miðast við það að kjör hinna verst settu fari batnandi. Samkvæmt Rawls er í raun aðeins hægt að réttlæta einhvers konar aðstæðumun með þeim rökum, að hinir verst settu njóti góðs af við misskiptinguna. Því fylgir að jöfn skipting er tekin fram yfir skiptingu þar sem aðeins sá sem betur er settur græðir, jafnvel þótt ekki sé um neina skerðingu á hlut hins verst setta að ræða.<sup>31</sup>

Rawls tekur eftirfarandi dæmi sem sýna á rétta beitingu fjalldalareglunnar: Við samanburð á tveimur einstaklingum, öðrum sem tilheyrir frumkvöðlastétt (e. entrepreneur class) og hinum sem tilheyrir stétt ófaglærðra verkamanna (e. unskilled laborers) kemur í ljós að sá er tilheyrir stétt frumkvöðla á sér betri framavonir og hefur alla jafna betri kjör en ófaglærði verkamaðurinn. Rawls segir fjalldalaregluna aðeins leyfa þennan mismun, sé hann í hag verkamannsins. Ef kjör frumkvöðulsins væru skert og það hefði neikvæð áhrif á kjör verkamannsins leyfir fjalldalareglan sem sé ekki skerðinguna, þar sem mismunurinn kemur verkamanninum til góða. Með því að leyfa slíkan mismun, sem bætir jafnframt kjör hinna verst settu, er þessum ímynduðu frumkvöðlum gefinn hvati sem gerir það að verkum að þeir ýta á framfarir og bæta efnahaginn með ráðum sínum og dáð. Hvatinn verkar einnig á hina verst settu þar sem þær reglur sem ganga fyrir fjalldalareglunni tryggja öllum jafnt frelsi og jafnan aðgang að samkeppni um stöður í samfélaginu.<sup>32</sup> Undir þeim kringumstæðum skapast skilyrði fyrir hina verst settu að brjótast úr fátæktinni og öðlast betri kjör.

Samkvæmt kenningu Rawls gerir fjalldalareglan það að verkum, að náttúrlegir hæfileikar eru taldir einhvers konar sameign heildarinnar í stað þess að einstaklingurinn sem þá hlýtur í vöggugjöf eigi þá óskipt. Þetta kemur til

---

<sup>31</sup> Sama heimild, 65-66.

<sup>32</sup> Sama heimild, 67-68.



vegna þess, samkvæmt kenningu Rawls, að enginn verðskuldar þessa hæfileika, sem eru áskapaðir. Því þarf að jafna leikinn, til að gæta sanngirni. Það er ekki með því sagt að hæfileikarnir skuli bældir á einhvern hátt eða menn sviptir þeim, heldur þurfa hæfileikarnir að koma öllum til góðs. Af þessu leiðir að þeir sem njóta happs þegar kemur að náttúrlegum hæfileikum mega aðeins njóta þeirra að því leyti sem það kemur heildinni, og sérstaklega hinum verst settu, vel –bæti kjör þeirra á einhvern hátt.<sup>33</sup> Þessi samnýting náttúrlegra hæfileika manna, í hag þeirra verst settu, segir Rawls vera samfélagslega nauðsynlegt. Að hans mati er sú staðreynd að fólk sé mishæfileikaríkt af náttúrunnar hendi hvorki réttlátt né óréttlátt, en grunngerð samfélagsins er sker úr um það hvort að réttlæti eða óréttlæti ríkir. Samfélag sem fylgir fjalldalareglunni skapar þannig réttlæti á meðan önnur uppbygging getur ýtt undir misskiptinguna, og þannig þrífst óréttlætið best.<sup>34</sup>

---

<sup>33</sup> Sama heimild, 87.

<sup>34</sup> Sama heimild, 87-88.

## 4. Gagnrýni Roberts Nozicks á réttlætiskeninguna

Robert Nozick var bandarískur heimspekingur og samkennari John Rawls. Báðir störfuðu þeir sem prófessorar við heimspekiskor Harvard-háskóla, en sýn þeirra á réttlæti var um margt ólík. Árið 1974 gaf Nozick út bókina *Stjórnleysi, ríki og staðleysa* (Anarchy, state and utopia) þar sem hann útlistaði eigin hugmyndir um hið réttláta ríki og svaraði í leiðinni og gagnrýndi hugmyndir Rawls. Sökum þess hve stutt var á milli útgáfu bókanna, þeirra Rawls og Nozicks, og hve líkt efni þær fjalla um hafa þær áratugum saman haldist í hendur og verið lesnar saman af þeim er láta sig stjórnspeki varða – en þær eiga það sameiginlegt að þykja merk rit og mótandi á stefnur þær sem finna má í þeim.

Nozick er þeirrar skoðunar að hin eina réttlætanlega skipan ríkis sé að lágmarka umsvif þess, eins mikið og kostur er. Þetta ríki, sem hann kallar lágmarksríkið (e. the minimal state), hefur það hlutverk eitt að vernda rétt þegna sinna, en auki ríkið umsvif sín gengur það í leið á réttindi fólksins.<sup>35</sup> Nozick setur fram kenningu um skiptingu gæða, sem sýna á fram á að fólk hafi rétt á höldum (e. holdings) sínum og ríkið hafi engan rétt til þess að ganga á þessi höld. Kenninguna kallar hann tilkallskeninguna (e. entitlement theory).

Samkvæmt tilkallskeningunni skiptist réttlæti er varðar höld í þrjár reglur. Hin fyrsta snýr að uppruna halda þar sem greint er frá því hvernig höld verða til, eða hvernig hlutum sem enginn hefur tilkall til er breytt í höld af einstaklingum. Þessa reglu kallar Nozick aflareglu (e. justice in acquisition).<sup>36</sup>

Önnur reglan tekur á færslum halda manna í milli og hvernig staðið er að þeim, hvort sem um er að ræða skipti, gjafir eða svindl. Regluna kallar Nozick skiptareglu (e. justice in transfer).<sup>37</sup> Þriðja reglan vísar svo til reglna eitt og tvö og segir að sé þeim fylgt, er hægt að líta svo á að menn eigi tilkall til haldanna sem þeim hafa áskotnast við beytingu reglanna. Hannes Hólmsteinn Gissurarson

---

<sup>35</sup> Robert Nozick. *Anarchy, State and Utopia*. (Oxford: Basil Blackwell, 1980), 149.

<sup>36</sup> Sama heimild, 150.

<sup>37</sup> Sama heimild, 150-151.

orðar þessa hugmynd Nozicks svo, með vísan í *Árna sögu biskups*: „Falslaus kaup skulu föst vera, þau er einskis manns rétti er hrundið í.“<sup>38</sup> Samkvæmt tilkallskeningunni er skipting gæða réttlát, svo lengi sem fólk á tilkall til gæðanna sem það hefur yfir að ráða. Skiptingin telst einnig réttlát þó að hún breytist, svo lengi sem reglurnar um réttlæti halda eru hafðar í öndvegi.<sup>39</sup>

Eitt frægasta dæmi sem Nozick tók til að sýna fram á hvernig misskipting auðs getur verið réttlát, með vísun í tilkallskeninguna, er dæmið af Wilt Chamberlain. Nozick leggur upp með tekjuskiptingu, hverja þá sem lesandi telur réttláta, sem hann kallar  $T_1$ . Segjum að skiptingunni í  $T_1$  sé þannig háttáð, að hver og einn eigi jafnmikið og næsti maður. Í samfélaginu sem um ræðir er áhugi á körfuknattleik gríðarlegur og þegar knettinum er kastað kemst enginn með tærnar þangað sem Wilt hefur hælana. Þessir hæfileikar Wilts gera það að verkum að áhorfendur flykkjast að til þess eins að sjá hann spila, slíkt er aðdráttarafl hans. Wilt –sem hefur ásamt körfuknattleikshæfileikum einnig nef fyrir viðskiptum— gerir samning við lið eitt, sem tryggir honum 25 sent fyrir hvern miða sem selst á leiki liðsins. Ráðamenn liðsins prísá sig sæla með hvalrekann, sem Wilt er svo sannarlega fyrir liðið, og áhangendur liðsins flykkjast á leikina sælir með að borga miðaverðið, þar sem það er hvers sents virði. Þegar körfuknattleikstímabilinu lýkur loks kemur í ljós að ein milljón manna hefur lagt leið sína á leiki liðsins, og því er hlutur Wilts af miðaverðinu tvöhundruðogfimmtíu-þúsund dalir. Þessi tilfærsla á auði þýðir að nú er Wilt mun ríkari en aðrir, og allir þeir sem keyptu sér miða til að bera hann augum eru nú smáræði fátækari. Tekjuskiptingin hefur færst frá  $T_1$  yfir í  $T_2$ .<sup>40</sup>

Samkvæmt kenningu Nozick er fráleitt að segja að hin nýja skipting,  $T_2$ , sé á einhvern hátt ranglát, enda leiðir það af tilkallskeningunni að „falslaus kaup skulu föst vera“.<sup>41</sup> Enda hafi einstaklingar sem bjuggu við skiptinguna  $T_1$  haft forráð yfir eigin gæðum og skiptingin réttlát, sem hljóti að leiða af sér að niðurstaða tilfærslunnar sé réttlát þar eð hún var framkvæmd með vilja allra sem að henni komu. Eignir manna hljóta að vera þeirra að ráðstafa að eigin vild, og í

---

<sup>38</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Stjórnmálaheimspeki*. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1999), 213.

<sup>39</sup> Nozick, *Anarchy, State and Utopia*, 151.

<sup>40</sup> Sama heimild, 160-161.

<sup>41</sup> Hannes H. Gissurarson. *Stjórnmálaheimspeki*, 213.

Þessu tilfelli völdu margir að færa eignir til Wilts Chamberlains í skiptum fyrir kvöldstund af gæða körfuknattleik. Hví skyldi þessi að því er virðist sanngjarna tilfærsla kalla á uppstokkun eigna?<sup>42</sup>

Með þessari dæmisögu telur Nozick sig sýna fram á að tilkallskenningin henti betur þegar þegar talið berst að skiptingu byggðri á réttlæti. Ef ójöfnuðurinn sem hlýst af réttlátum skiptum Wilts og aðdáenda hans er mönnum ekki að skapi, kemur ef til vill upp krafa um uppstokkun gæða. Að mati Nozicks er óhjákvæmilegt að frjáls viðskipti manna á milli leiði til misskiptingar auðs, eins og dæmið af Wilt sýnir, og vilji menn ekki lúta þeim lögmálum markaðarins sem leiða til þessarar niðurstöðu þurfi að koma til annaðhvort boð og bönn eða reglubundin uppstokkun gæða, frá þeim sem meira hafa á milli handanna til þeirra sem eiga minna.<sup>43</sup>

Þrátt fyrir að vera ósammála Rawls um réttlætið, mærir Nozick *Kenningu um réttlæti*, sem hann segir vera:

[...] gosbrunnur ljómandi hugmynda sem slengjast saman í fegurstu mynd. Stjórnspekingar sem nú eru á dögum verða annað hvort að vinna verk sitt innan þeirra marka sem Rawls setur þeim, eða þá afsaka frávík sín ... Það er ógerlegt að lesa bók Rawls án þess að innbyrða mikið efni, ef til vill umbreytt, og fella það að eigin hugmyndum sem dýpka þá mjög fyrir vikið. Og það er ógerlegt að ljúka lestri bókar hans án nýrrar og uppljómaðrar sýnar yfir köllun siðfræðinnar og sameiningarmátt, og svo til hins hversu *fögur* heilsteypt kenning getur verið.<sup>44</sup>

Þó Nozick fari fögrum orðum um réttlætiskenninguna einskorðast gagnrýni hans þó ekki við tekjuskiptingu þá sem hún boðar, eða ríkisafskipti sem henni myndi óhjákvæmilega fylgja, en í ljósi umfjöllunar hér að ofan hefjum við leikinn við spurninguna um sanngjarna dreifingu gæða.

---

<sup>42</sup> Nozick, *Anarchy, State and Utopia*, 161-162.

<sup>43</sup> Sama heimild, 163.

<sup>44</sup> Þorsteinn Gylfason, *Réttlæti og ranglæti*, 26. Þýðing Þorsteins á Nozick, *Anarchy, State and Utopia*, 183.

Nozick vísar til umfjöllunar Rawls um sanngjarna skiptingu og hvernig kosti þeim er hlýst af samvinnu einstaklinga við myndun samfélaga skal deila. Samkvæmt kenningu Nozick er það rétt, að samvinna manna skilar auknum afköstum og stærri köku til skiptanna, en spyr að sama skapi; hvers vegna vekur samvinnan upp spurningar um skiptingu í nafni réttlætis? Rawls, segir Nozick, samþykkir að án samfélags vakni ekki upp kröfur um sanngjarna dreifingu, þar sem hver sér um sig.<sup>45</sup> Nozick – að heimspekinga sið — tekur annað ímyndað dæmi til að kanna ákallið um réttláta skiptingu. Hann ímyndar sér tíu afbrigði af Róbinson Krúsó, hver á sinni eyðieyjunni – án Frjádags — sem vinna með þann kost sem eyja hvers og eins hefur upp á að bjóða. Þegar tvö ár eru liðin og mennirnir hafa komið sér fyrir á eyjum sínum, uppgötva þeir talstöðvar sem þeir nota til að hafa samband við nafna sína og nágretta í eyjaklasanum. Í gegnum þessi samskipti komast þeir að því, að staða þeirra er ólík. Sumir búa við mikilfenglegan kost og hafa komið ár sinni vel fyrir borð með dugnaði, á meðan aðrir lentu á eyjum sem voru ekki jafn blómlegar. Nozick spyr þegar hér er komið við sögu: Myndi ekki sá sem hefði það verst krefja nágretta sína um hlutdeild í þeirra álum, á þeim forsendum að hann hafi lent á eyjunni sem bauð upp á versta kostinn, eða þá að hann sé sjálfur ekki búinn öllum þeim hæfileikum sem hinir hafi til sjálfsbjargar? Svar Nozicks við þessari spurningu sinni er á þá leið, að kröfur hins verst stadda Róbinsons væru reistar á sandi. Augljóst er, að mati Nozicks, að hver og einn Róbinson verðskuldar það sem hann hafi í ljósi þess að hann hafi lagt vinnu sína við gjafir eyjarinnar og því hafi enginn tilkall til þess sem honum hefur hlotnast. Nozick notar þetta dæmi til að renna frekari stoðum undir tilkallskeningu sína og til að sýna fram á að án samstarfs gildi tilkallskeningin óskoruð.<sup>46</sup> En hverju breytir samstarf manna spyr Nozick, af hverju virðast menn vera sammála um tilkallskeninguna þegar samstarfi sleppir en kalla á skiptakenningar um réttlæti þegar menn vinna saman? Við þessari spurningu gefur Nozick svarið, að við samvinnu manna sem auki stærð kökunnar muni skiptingin verða sem réttlátust, séu afskiptin af þeim sem minnst.

Í framhaldi af umfjöllun sinni um skiptingu gæða snýr Nozick sér að fjalldalareglunni – eða nánar tiltekið að forsendum hennar. Hann veltir upp

---

<sup>45</sup> Nozick, *Anarchy, State and Utopia*, 184-185.

<sup>46</sup> Sama heimild, 185-186.

þeirri spurningu hvers vegna einstaklingar í upphafsstöðu Rawls ættu að haga vali sínu á þann hátt að einblínt sé á hópa, en ekki einstaklinga. Einnig bendir hann á að óljóst sé, hvaða hópar séu teknir með í reikninginn, t.d. fær hann ekki séð að þunglyndis- eða áfengissjúkum sé gefinn neinn sérstakur gaumur.<sup>47</sup> Fullyrðing Rawls um að fjalldalareglan, sem tryggir það að lágmarkið sé hámarkað, sé réttlát niðurstaða sem allir menn ættu að geta sætt sig við stingur í stúf við hugmyndir Nozicks. Nozick heldur því fram að við skipulag samvinnu manna græði allir, þannig græða hinir best settu á sama hátt og hinir verst settu. Því mótmælir Nozick hugmyndum Rawls um að hámarka lágmarkið og tekur sem dæmi að hinir best settu gætu allt eins kafið hina verst settu um stærri skerf af kökunni –hámarki, með öðrum orðum, hámarkið. Þetta dæmi, segir Nozick, sýnir fram á að krafa hinna verst settu um stærri skerf af kökunni er ósanngjörn. Ef til vill græða hinir verst settu meira á samvinnunni við hina betur settu, heldur en hinir betur settu græða á samvinnu við hina verst settu. Nozick hafnar því fullyrðingu Rawls um að þeir betur settu hafi ekki ástæðu til að mótmæla samfélagsskipun þeirri sem fjalldalareglan kemur á.<sup>48</sup>

Að mati Nozicks gerir upphafsstaðan það að verkum, að eina mögulega niðurstaðan sé einhverskonar lyktakenning (e. end-state principle). Ástæða þess er sú, að einstaklingarnir sem liggja undir fávísisfeldinum og vita því ekki hvað hverjum beri – eða hvort einhver eigi tilkall til ákveðinna gæða í ljósi sögunnar — líta á það sem til skiptanna er sem himnabrauð (e. manna from heaven) sem fellur himnunum frá og enginn á tilkall til.<sup>49</sup>

---

<sup>47</sup> Sama heimild, 189-190.

<sup>48</sup> Sama heimild, 192-194.

<sup>49</sup> Sama heimild, 198-199.

## 5. Rawls á Íslandi

Eins og fram kom hér að ofan hefur áhrifa réttlætiskenningar Rawls gætt víða. Málsmetandi menn hafa tekið kenninguna til umfjöllunar og mikið hefur verið um hana ritað. Ísland er að því leytinu engin undantekning, því kenningunni hefur verið gerð dágóð skil á ófáum blaðsíðum, til dæmis í hinu virta tímariti *Skírni*. Umfjöllunin hefur þó ekki aðeins snúist um að greina kenningu Rawls en sem dæmi má taka nálgun Þorsteins Gylfasonar, sem gegndi um árabíl stöðu prófessors við heimspekiskor Háskóla Íslands.

Þorsteinn ritar í grein sinni „Hvað er réttlæti?“ – sem birtist fyrst í *Skírni* 1984 og síðar í bók Þorsteins, *Réttlæti og ranglæti* — um ýmsar nálganir á réttlætishugtakið. Þorsteinn glímir þar við vini okkar John Rawls og Robert Nozick ásamt því að sneiða að Friedrich von Hayek (sem ekki verður fjallað um nánar á þessum síðum). Hann gerir kenningunum skil, tekur afstöðu gegn þeim og setur að lokum fram sína eigin kenningu um réttlæti. Þessi kenning Þorsteins vakti sterk viðbrögð og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Eyjólfur Kjalar Emilsson og Vilhjálmur Árnason svöruðu Þorsteini allir á ritvellingum, og greindu og gagnrýndu sýn hans á réttlæti.

Umfjöllun Þorsteins um réttlætiskenningu Rawls hefst, líkt og umfjöllun Nozicks á undan honum, á hóli. Segir Þorsteinn *Kenningu um réttlæti* hafa kveikt hjá sér áhuga á stjórnspeki, áhuga sem ekki fór mikið fyrir áður.<sup>50</sup> Áhugi Þorsteins á réttlætiskenningunni og umfjöllunin um hana, miðast við verðleikakenningu hans um réttlæti (sem verður útlistuð nánar, hér að neðan).<sup>51</sup> Þorsteinn segir Rawls með öllu hafna slíkri verðleikakenningu — sem Nozick gerir í raun líka, á annan hátt en Rawls — á þeim forsendum að enginn maður verskuldi í raun þá hæfileika sem honum hlotnast í vöggugjöf. Við þessu bendir Þorsteinn á gagnrýni Nozicks um að samkvæmt hugmyndum Rawls geti enginn maður nokkurn tíman verðskuldað neitt, þar sem krafa hans sé að menn

---

<sup>50</sup> Þorsteinn Gylfason, *Réttlæti og ranglæti*, 14.

<sup>51</sup> Sama heimild, 64.

verðskuldi hluti að öllu leyti til að eiga þá skilið – að allt sem verði til þess að manni hlotnist eitthvað verði að vera eigin gjörningur og ekki afleiða af einhverjum utanverkandi þáttum. Þorsteinn bendir einnig á bresti í hugmynd Rawls sem virðist gera ráð fyrir því að náttúrulegir eiginleikar fólks séu óbreytanlegir en Þorsteinn bendir á samleik erfða og umhverfis, til dæmis þegar kemur að því að rækta náttúrulega hæfileika.<sup>52</sup>

Eftir að hafa reifað helstu atriði réttlætiskenningarinnar og gagnrýnt hana eilítið snýr Þorsteinn sér síðan að eigin hugmynd um réttlæti, sem hann setur fram sem svar við hugmyndum Rawls og Nozicks. Kenning Þorsteins er tvískipt, annars vegar verðleikakenning og hins vegar sannmæliskenning. Hefjum leikinn á verðleikakenningunni. Samkvæmt kenningu Þorsteins getur réttlætið ekki ráðist af mannaþingum heldur býr þar eitthvað mikilvægara að baki, enda réttlæti algilt á meðan mannaþingur berast eftir straumum tískunnar.<sup>53</sup> Réttlæti er, að mati Þorsteins, það sem hverjum manni ber – það sem hver og einn verðskuldar. Að baki réttlætinu búa því verðleikar manna, en verðleikar eru ekki, samkvæmt Þorsteini, mannaþingur og því óhætt að byggja á þeim.<sup>54</sup> Seinni hluti kenningar Þorsteins er sannmæliskenningin, en samkvæmt henni kemur réttlætið fram í sannindum og ósannindum. Sem dæmi um birtingarmynd óréttlætis nefnir hann róg. Rógur um óþrif Serkja, ágirnd Gyðinga og heimsku kvenna segir Þorsteinn vera dæmi um óréttlæti.<sup>55</sup> Þorsteinn orðar kenningu sína á þá leið að: „*réttlæti er sannmæli, ranglæti svikmæli.*“<sup>56</sup> En Þorsteinn lætur þar ekki staðar numið því að hann virðist teygja sannmæliskenninguna enn lengra þegar hann segir sannleikann sjálfan vera það sem í mönnum býr. Með því á Þorsteinn við að verðleikar fólks segi ákveðinn sannleik um það en að sannleikurinn sjálfur feli í sér meira en aðeins verðleika. Hann felur, samkvæmt kenningu Þorsteins, í sér framtíðar möguleika einstaklings – ekki aðeins það sem er, heldur einnig það sem gæti orðið.<sup>57</sup>

---

<sup>52</sup> Sama heimild, 65-66.

<sup>53</sup> Sama heimild, 68.

<sup>54</sup> Sama heimild, 71.

<sup>55</sup> Sama heimild, 74-75.

<sup>56</sup> Sama heimild, 77.

<sup>57</sup> Sama heimild, 78-79.



Í *Skírni* birtist ritgerð eftir Hannes Hólmstein Gissurarson, sem er svar við ritgerð Þorsteins. Eins og nafn ritgerðarinnar – „Um réttlætishugtök Hayeks og Nozicks“ – gefur til kynna, eyðir Hannes mestu púðri í skrif um þá Hayek og Nozick sem hann telur Þorstein misskilja að einhverju leyti. Undir lok greinarinnar vísar hann þó að kenningum Þorsteins, sem hljóta ekki góða einkunn Hannesar. Hannes bendir að vísu á að verðleikakenningunni sé nánast ógjörningur að hafna enda sé rík hefð fyrir slíkum kenningum innan heimspekinnar. Samkvæmt kenningu Hannesar er verðleikakenningin þó alls ekki algild og sem dæmi tekur hann afmælisgjöf móðir til ungrar dóttur sinnar. Móðirin gefur dóttur sinni gjöfina ekki vegna þess að hún hafi svo mikla verðleika að bera, heldur vegna þess að mæðrum þykir oftast vænt um börn sín, og vilja því gleðja þau.<sup>58</sup>

Sannmæliskenning Þorsteins fær öllu verri útreið, en samkvæmt kenningu Hannesar er kenning Þorsteins keimlík gamalli kenningu sem William Wollaston setti fram. Sú hafði fyrir löngu verið hrakin af David Hume. En víkjum nú að rökum Hannesar gegn sannmæliskenningunni. Fyrst bendir hann á að rangindi séu ekki endilega ósannindi, og sýnir það með dæmi af innbrotsþjófi sem segir ekki ósatt með innbroti sínu og hnupli, en vinnur þó ranglátt verk. Í öðru lagi bendir Hannes á, að menn geta þóst vera eitthvað annað og meira en þeir sjálfir án þess þó að það valdi öðrum tjóni. Því séu ósannindi ekki alltaf rangindi. En samkvæmt kenningu Hannesar geta sannindi verið rangindi. Ýmis sannindi eru af þeim toga að menn vilja heldur halda þeim fyrir sjálfa sig en að þeim sé útvarpað um öll torg. Með því að bera slík sannindi út er hægt að vinna ranglátt verk.<sup>59</sup>

Að lokum gagnrýnir Hannes það sem hann kallar þriðju kenningu Þorsteins, þá að sannleikurinn sé það sem í mönnum býr. Hannes telur persónulegan þroska manna ekki háðan réttlætinu þar sem þroski eins getur verið öðrum fjötur um fót. Að sögn Hannesar er réttindahugtak það, sem notað er

---

<sup>58</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Um réttlætishugtök Hayeks og Nozicks,“ *Skírnir* 160. árg. (1986): 267-268.

<sup>59</sup> Sama heimild, 268-269.

á vesturlöndum besta tól sem samfélög manna hafa til þess að stemma stigu við og sefa þá óhjákvæmilegu árekstra sem verða í samlífi manna.<sup>60</sup>

Eyjólfur Kjalar Emilsson svarar grein Þorsteins í grein sinni *Verðleikar og sannleikur*, sem birtist í *Tímariti Máls og menningar*. Skrif Þorsteins hafa augljóslega hreyft við Eyjólf, en ritgerðina kallar hann „bestu ritsmíð um efni af þessu tagi sem birst hefur á Íslandi til þessa“.<sup>61</sup> Þó að Eyjólfur hrósi Þorsteini fyrir vel skrifaða og útpælda ritgerð, gagnrýnir hann réttlætiskeninguna sem Þorsteinn setur fram. Gagnrýni sína setur Eyjólfur fram í tveimur hlutum. Í fyrsta lagi heldur hann því fram að sá verknaður, sem felst í því að koma í veg fyrir að eintaklingur geti sýnt það sem í honum býr geti vart talist ósannsögli, lygi eða svikmæli við þann tiltekna einstakling. Því sekt og ranglæti gerandans, sem kemur í veg fyrir að ljós þolandans fái að skína til fulls, er fyrst og fremst að finna í „þeirra eigingjörnu hvötum og illu verkum“.<sup>62</sup> Seinni hluti gagnrýninnar beinist að því að sannleikshugtakið sem Þorsteinn notar, virðist Eyjólf hafa tekið stakkaskiptum á síðum *Skírnis*. Sannleikurinn sem Þorsteini er svo hugleikinn er í raun náskyldur verðleikum þeim er hann talar um, ef trúa má Eyjólf. Skilningur Eyjólf á sannleikshugtaki Þorsteins leiðir hann því að þeirri skoðun, að hugmyndir Þorsteins komi „venjulegum sannindum og ósannindum ekkert við.“<sup>63</sup> Að mati Eyjólf tekst Þorsteini því ekki að sameina sannmælis- og verðleikakenninguna og stendur í raun eftir með verðleikakenninguna eina, sem Eyjólfur segir frumreglu í siðferði manna.<sup>64</sup>

Vilhjálmur Árnason svarar Þorsteini í grein sinni „Réttlæti og trú sannindi“ á síðum *Tímarits Máls og Menningar*. Þar færir hann rök gegn þeirri hugmynd Þorsteins að réttlæti sé sannmæli. Hann bendir á, líkt og Hannes Hólmsteinn, að stundum sé ef til vill betra að sannleikurinn fái að liggja óhreyfður. Hann má, að sögn Vilhjálms, víkja þegar aðrir og meiri hagsmunir eru í húfi.<sup>65</sup>

---

<sup>60</sup> Sama heimild, 269-270.

<sup>61</sup> Eyjólfur Kjalar Emilsson. „Verðleikar og sannleikur,“ *Tímarit Máls og menningar* 46. árg. (1985): 232.

<sup>62</sup> Sama heimild, 236.

<sup>63</sup> Sama heimild, 236-237.

<sup>64</sup> Sama heimild, 237.

<sup>65</sup> Vilhjálmur Árnason. „Réttlæti og trú sannindi, eða Vegurinn, sannleikurinn og lífið,“ *Tímarit Máls og menningar* 47. árg.(1986): 376-377.

Vilhjálmur bendir einnig á að sannleikurinn sem Þorsteinn ræðir virðist illgreinanlegur, þar sem hann felur í sér allt hið mögulega, sem teygir hugtakið mjög frá hefðbundnum skilningi á því.<sup>66</sup> Ennfremur bendir Vilhjálmur á, að sannleikurinn sé ekki alltaf auðgreinanlegur. Við síbreytilegar aðstæður mannlífs getur sannleikur sem í upphafi virðist liggja í augum uppi, verið flóknari, og erfiðara getur reynst að henda á honum reiður en búast hefði mátt við.<sup>67</sup>

Vilhjálmur hefur sjálfur skrifað mikið um réttlætiskenningu Rawls, hvort sem er í bókum sínum eða í tímarit. Hann hefur einnig haldið fyrirlestur á vegum Samfylkingarinnar, þar sem hann kynnti réttlætiskenninguna.<sup>68</sup> Rawls virðist hafa haft áhrif á meðlimi Samfylkingarinnar, en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi formaður flokksins vék að Rawls í grein sinni „Jafnaðarstefna nýrrar aldar – hugmyndir og viðfangsefni“. Þar segir hún rökræðulýðræðið byggt á hugmyndum Rawls um réttlæti.<sup>69</sup> Í bókinni *Farsælt líf, réttlátt samfélag* fjallar Vilhjálmur um helstu siðfræðikenningar Vesturlanda og umræðuna um réttláta skipun samfélags. Réttlætiskenningin fær í bókinni ítarlega umfjöllun. Þar rekur Vilhjálmur kenninguna og ver hana gagnrýni Roberts Nozicks, sem ætti að vera lesendum kunn.<sup>70</sup>

Í BA-ritgerð sinni *Hvað felst í réttlætiskenningu Johns Rawls og hver er kjarni femínískrar gagnrýni Susan Moller Okin á kenninguna?* rekur Sigríður Halldórsdóttir gagnrýni Susan Mollers Okins á kenningu Rawls. Sigríður skiptir gagnrýni Okin niður í fjóra þætti, skýrleikans vegna. Í fyrsta lagi gagnrýnir Okin Rawls fyrir að vekja ekki máls á misrétti kynjanna eins og það viðgengst í samfélaginu. Þessi þögn Rawls veikir, að sögn Okins, réttlætiskenninguna, þar sem slíkt óréttlæti verðskuldi athygli. Í öðru lagi bendir Okin á að svo virðist sem litið sé algjörlega framhjá konum í réttlætiskenningu Rawls. Sem dæmi tilgreinir Rawls ekki hvort fundarmenn undir fávísisfeldinum hafi hugmynd um kyn sitt. Ennfremur vísar Okin til þess að fundarmennirnir skyldu, samkvæmt kenningu

---

<sup>66</sup> Sama heimild, 377.

<sup>67</sup> Sama heimild, 381.

<sup>68</sup> Vilhjálmur Árnason. „Hugsjónir jafnaðarstefnunnar,“ 2004.

<sup>69</sup> Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. „Jafnaðarstefna nýrrar aldar – hugmyndir og viðfangsefni,“ 2004.

<sup>70</sup> Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*. (Reykjavík: Heimskringla 2008), 290.

Rawls, vera forsjármenn fjölskyldna, en Okin segir það benda til þess að fundarmennirnir séu karlmenn. Þriðji þáttur gagnrýninnar snýr að túlkun Rawls á vettvangi einkalífsins en Okin segir Rawls álíta hið hefðbundna fjölskyldufyrirkomulag réttlátt. Að mati Okins er hins vegar mikið óréttlæti sem finnst í hefðbundinni fjölskyldu, þar sem karlmaðurinn er oft æðri konum og börnum.<sup>71</sup> Fjórði þáttur gagnrýni Okins er í raun tilraun til túlkunar á réttlætiskeningunni frá sjónarmiði kvennréttinda. Til þess þarf hún að horfa á upphafsstöðu Rawls á þann hátt, að fundarmenn viti ekki eigið kyn og þurfi því að glíma við spurningar um jafnrétti kynjanna. Túlkun Okins gerir ráð fyrir að fundarmennirnir hafi ríka samúðartilfinningu og búi yfir góðvild í garð náungans. Þá og því aðeins að fundarmenn búi yfir slíku siðferðispreki og umburðarlyndi geti reglurnar sem þeir setja sér orðið ásættanlegar frá sjónarhóli kvennréttinda.<sup>72</sup>

Tómas Ingi Adolfsson skrifaði ritgerð til BA-prófs í heimspeki við Háskóla Íslands. Í ritgerð sinni kynnir Tómas réttlætiskeningu Rawls og tekur fyrir gagnrýni sem að henni hefur beinst frá Charles Mills annars vegar og Carole Pateman hins vegar. Gagnrýni Mills, sem Tómas kynnir okkur fyrir, er sett fram í því skyni að benda á galla réttlætiskeningarinnar þegar kemur að kynþáttahyggju, en samkvæmt Mills er ógerningur að líta framhjá togstreitu þeirri sem einkennt hefur samskipti ólíkra kynþátta öldum saman.<sup>73</sup> Mills segir sáttmála þá sem smíðaðir hafa verið vera sáttmála hinna eiginlegu þátttakenda samfélagsins – hins hvíta manns — á meðan aðrir sem ekki hafa fengið að vera með beri skarðan hlut frá borði. Þannig gefi samfélagssáttmálar ranga mynd af hinum raunverulega heimi, þegar gert er ráð fyrir því að allir standi jafnt að vígi í upphafi.<sup>74</sup> Við hina eiginlegu upphafsstöðu ríki nefnilega óréttlæti og með því að líta framhjá því eru yfirráð valdstéttarinnar eða valdahópa fest í sessi.<sup>75</sup> Misjöfn staða ólíkra hópa er því undirrót hins eiginlega óréttlætis og einstaklingur getur aðeins upplifað réttlátt samfélag þegar það er byggt með hliðsjón af forréttindum

---

<sup>71</sup> Sigríður Halldórsdóttir. „Hvað felst í réttlætiskeningu Johns Rawls og hver er kjarni femínískrar gagnrýni Susan Moller Okin á kenninguna?“ (BA ritgerð, Háskólinn á Bifröst, 2010), 20-21.

<sup>72</sup> Sama heimild, 27-28.

<sup>73</sup> Tómas Ingi Adolfsson. „Um sáttmálakenningu Rawls. Tímamótaverk eða réttlætning undirokunar?“ (BA ritgerð, Háskóli Íslands, 2009), 19.

<sup>74</sup> Sama heimild, 23.

<sup>75</sup> Sama heimild, 25.

ólíkra hópa.<sup>76</sup> Mills kallar því eftir að þessu viðhorfi sé gefinn gaumur og að til grundvallar öllum sáttmálum verði að vera skírskotun í mannkynssöguna og það óréttlæti sem hún hefur að geyma.<sup>77</sup>

Carole Pateman beinir spjótum sínum að samskiptum kynjanna og heldur því fram, að réttlætiskenning Rawls – og aðrar sáttmálakenningar á undan — festi í sessi og réttlæti yfirráð karla yfir konum, til dæmis í krafti hjónabands.<sup>78</sup> Pateman segir réttlætiskenninguna aðgreina opinberan vettvang frá vettvangi einkalífsins, þar sem karlmenn hafi yfirráð yfir konum. Þessi aðgreining er að mati Patemans óþörf þar sem nauðsynlegt sé að taka bæði hið opinbera líf fólks og einkalíf þess með í reikninginn.<sup>79</sup> Aðkoma fundarmanna að samningaborði upphafsstöðu Rawls er, samkvæmt kenningu Patemans, einnig gölluð. Í raun séu fundarmennirnir aðeins að staðfesta stofnanir samfélagsins, sem myndast hafa í skugga undirokunar kvenna og óréttlætið sem felst í núverandi samfélagsgerð ósnert. Pateman segir allt tal um réttláta upphafsstöðu tóm orð, þar sem ekkert slíkt ástand hafi nokkurn tíman ríkt og gagnist því ekki nema sem hugartilraun. Að lokum bendir Pateman á, líkt og Mills, að við gerð sáttmála verði að horfa til sögunnar.<sup>80</sup>

Í meistararitgerð Gunnars Arnar Sigvaldasonar fer hann í saumana á hugmyndum Amartya Sens og Mörthu C. Nussbaums, sem settar eru til höfuðs réttlætiskenningu Rawls. Amartya Sen gagnrýnir kenningu Rawls aðallega vegna hugmyndarinnar sem í henni felst um frumgæði. Frumgæðin gefa að mati Sens ekki rétta mynd af stöðu fólks í samfélaginu og þeir sem hafa það verst, eða sem mest á hallar, eru oft þeir sem geta ekki nýtt sér þessi frumgæði en frumgæði Rawls virðast að stóru leyti skorðast við frelsisgæði og síðan efnisleg gæði sem gagnast fólki misvel eftir stöðu þess. Með öðrum orðum eru frumgæði ekki ávallt það sama og lífsgæði. Gunnar tekur dæmi um fatlaðan einstakling sem nýtur sama magns frumgæða og ófatlaður einstaklingur. Það skýtur skökku við að tala um að lífsgæði þessara einstaklinga séu þau sömu, sökum þess að magn frumgæða er það sama, þar sem fatlaði einstaklingurinn er heftur af fötlun sinni,

---

<sup>76</sup> Sama heimild, 27.

<sup>77</sup> Sama heimild, 24.

<sup>78</sup> Sama heimild, 19.

<sup>79</sup> Sama heimild, 20.

<sup>80</sup> Sama heimild, 22-23.

á til dæmis mögulega erfiðara um vik að komast ferða sinna og lengri tími fer því í að sinna erindum daglegs lífs.<sup>81</sup>

Sen gagnrýnir því Rawls fyrir þær sakir að réttætiskenning hans nái ekki til hinna afskiptu hópa, til að mynda fatlaðra. Áhugi Rawls á frumgæðum, að mati Sens, gerir það að verkum að hann missir sjónar á því sem raunverulega skipti máli – hvernig þessi frumgæði gagnast mönnum í hinu daglega amstri.<sup>82</sup>

Gagnrýni Sens snýst ekki eingöngu að frumgæðum réttlætiskenningarinnar, heldur gagnrýnir hann nálgun Rawls á réttlætið og segir hann einblína um of á stofnanir og samfélagið og það réttlæti sem þar eigi að ríkja, og gefi því aðstæðum einstaklinga ekki nægilegan gaum. En samkvæmt skoðun Sens skiptir ekki síður máli að kanna breytni fólks og félagslega stöðu þeirra.<sup>83</sup>

Martha C. Nussbaum segir réttlætiskenninguna ekki ná yfir þrjá hópa; í fyrsta lagi nær hún ekki yfir fatlaða einstaklinga, hún nær í öðru lagi ekki yfir dýr og í þriðja lagi nær hún ekki utan um þá sem ekki búa í frjálslyndum lýðræðisríkjum. Að mati Nussbaum bregst réttlætiskenningin, eins og aðrar sáttmálakenningar á undan henni, þegar hún hefur leikinn með jafna og hagsýna einstaklinga sem allir njóta góðs af samningnum. Raunin sé önnur; fötluðum sé ýtt út af borðinu við frumgerð sáttmálans, þeir séu eftirá vandamál. Annar ágalli á kenningu Rawls, samkvæmt kenningu Nussbaums, er sá að Rawls einbeittir sér að efnahagslegum mælikvörðum þegar meta á ójöfnuð og taki ekki með í reikninginn ótal hluti sem geta haft lykiláhrif á lífsgæði fólks.<sup>84</sup>

Svar þeirra Nussbaum og Sen við réttlætiskenningunni er færninnálgunin. Sú nálgun felur það í sér, að betri mælikvarði á lífsgæði sé að mæla færni fólks, en ekki frumgæði þau sem það býr yfir. Samfélagið á í raun að vera vettvangur fyrir fólk til þess að þróa eigin færni, og færninnálgunin er mælikvarði á lífsgæði sem metur möguleika fólks til að tryggja sér lágmarksfærni og þróa með sér færni. Færninnálguninni er einnig beitt við spurningum um félagslegt réttlæti.

---

<sup>81</sup> Gunnar Örn Sigvaldason. „Hvað getum við gert? Hvað getum við orðið? Færninnálgunin og félagslegt réttlæti.“ (Meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2012), 18-19.

<sup>82</sup> Sama heimild, 19.

<sup>83</sup> Sama heimild, 20-21.

<sup>84</sup> Sama heimild, 30-32.

Færniálgunin er þannig nálgun sem felur í sér að einstaklingar eru metnir, á eigin forsendum, útfrá því hvað þeir geta gert og hvað þeir geta orðið.<sup>85</sup>

---

<sup>85</sup> Sama heimild, 21-23.

## 6. Vísitala atvinnufrelsis og kjör hinna verst settu

Þegar hugmyndir Rawls um að hlúa sem mest að hinum verst settu eru færðar yfir í raunheim, vaknar upp spurningin um hvar hinir verst settu hafi það sem best. Hannes Hólmsteinn Gissurarson svarar því til í bók sinni *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, að Vesturlönd standi öðrum frammar þegar kemur að frelsi, og að mönnum vegni best – hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir — við víðtækt atvinnufrelsi.<sup>86</sup>

Fraser stofnunin kanadíska hefur hýst hagfræðinga sem smíðað hafa mælitæki ætlað til mælinga á atvinnufrelsi ólíkra landa. Mælingar þessar skila svokallaðri vísitölu atvinnufrelsis (e. index of economic freedom), þar sem löndum eru gefin stig, á skalanum 1 til 10 þar sem 1 merkir ekkert frelsi og 10 fullkomið frelsi.<sup>87</sup>

Vísitölunni er ætlað að mæla hversu vel stofnanir og stefna ríkjanna fer saman við atvinnufrelsi. Hugmyndin um atvinnufrelsi er grundvölluð út frá nokkrum lykilatriðum, en til þeirra teljast frelsi einstaklings til vals, frjáls skipti á markaði, frelsi til þáttöku á markaði og að lokum vernd, sem nær bæði til einstaklings og eigna hans. Séu þessi atriði vernduð af stofnunum lands, telst ríkja þar atvinnufrelsi.<sup>88</sup> Vísitalan er unnin úr upplýsingum um fimm atriði sem talin eru gefa góða mynd af ástandi landanna. Þessi atriði eru: Umfang ríkisins, réttaröryggi og vernd eignarréttar, aðgangur að traustum gjaldmiðli, frelsi til alþjóðaviðskipta og að lokum regluverk á fjármagnsmarkaði og vinnumarkaði, ásamt reglum um fyrirtækjarekstur.<sup>89</sup> Til þess að hljóta góða einkunn fyrir atvinnufrelsi verður ríki að veita sterka vernd til tryggingar einkaeign, sanngjarna eftirfylgni samninga, stöðugan gjaldmiðil og auk þess þarf að halda sköttum tiltölulega lágum. Einnig er æskilegt, til að tryggja sem víðtækast

---

<sup>86</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 17.

<sup>87</sup> Sama heimild, 18.

<sup>88</sup> James Gwartney og Robert Lawson *Economic Freedom of the World: 2011 Annual Report* (Economic Freedom Network, 2011), 1.

<sup>89</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 18.



atvinnufrelsi, að halda öllum tollum í lágmarki, til að hindra ekki viðskipti innanlands sem og utan, þar sem markaðurinn á að fá að stjórna dreifingu auðs en ekki stjórnámálamenn.<sup>90</sup>

Atriðin fimm sem nefnd hafa verið hér að ofan eru eins konar regnhlífar-hugtök fyrir rækilegri mælingar. Þannig eru 23 undir-atriði sem mynda þessi fimm. Fyrsta mælingin, sem segir til um umfang ríkis tekur eins og gefur að skilja til útgjalda, skatta og annara umsvifa ríkisins. Þessi mæling sker úr um það hvort stjórnmalastéttin í landinu fari með skiptingu gæða eða hvort einstaklingar á frjálsum markaði fái að haga seglum sínum eftir vindum. Önnur mælingin, sú sem segir til um réttaröryggi og vernd eignarréttar tekur á réttarkerfi viðkomandi lands. Til álita kemur þá hversu sterkt réttarríkið er í raun, þar sem sjálfstæðir dómstólar og réttarkerfi sem gætir hlutleysis eru lykilatriði í vernd eignarréttarins sem síðan gegnir lykilhlutverki á mörkuðum landsins, enda væru viðskipti ómöguleg og jafnvel marklaus væri eignarrétturinn veikur eða jafnvel enginn. Þetta atriði, vernd eignar og einstaklings, er einstaklega mikilvægt fyrir ríki þar sem ólíklegt er að þau nái sér á strik án þess, þrátt fyrir að fullnægja öðrum skilyrðum atvinnufrelsis. Þriðja mælingin nær til aðgengi að traustum gjaldmiðli. Aðgengi að traustum gjaldmiðli telst fullnægt þegar verðbólga er lág annars vegar og möguleiki þegna til að nota annan gjaldmiðil en ríkis-gjaldmiðilinn er til. Verðbólguviðmið eru nauðsynleg því að verðbólgan hefur mikil áhrif á markaðinn og verð sem á honum bjóðast ásamt því að grafa undan grundvelli samninga sem gerðir hafa verið til langs tíma, með þeirri óvissu sem hún skapar. Fjórdða mælingin snýr að alþjóðaviðskiptum, en alþjóðaviðskipti eru stór þáttur í þeim lífskjörum sem menn lifa við þar sem ýmiss konar varningur er framleiddur erlendis og fluttur inn, öllum til hagsbóta. Til að fá háa einkunn fyrir alþjóðaviðskipti þurfa löndin að hafna strangri tollastenfnu. Tollar og takmarkanir á innflutning eru ekki hvetjandi á viðskipti landa á milli og nauðsynlegt er að löndin setji ekki höft á tilfærslu og skipti gjaldeyris. Fimmta og síðasta mælingin snýr að regluverki á mörkuðum. Reglugerðir sem hindra bæði aðgengi manna og fyrirtækja að mörkuðum og

---

<sup>90</sup> James Gwartney og Robert Lawson „*Economic Freedom of the World: 2011 Annual Report*,” 1-2.

eðlileg viðskipti manna á milli, ganga á atvinnufrelsi lands. Til þess að hljóta góða einkunn fyrir þennan lið mælingarinnar verður markaðurinn að stjórna verðlagi, óheftur, og ríki verða að haga reglugerðum á þann hátt að aðgengi að mörkuðum sé með besta móti. Atvinnufrelsi telst líka heft ef í ríkjunum eru í gildi reglur sem segja til um lágmarkslaun eða að fólk sé skyldað til þátttöku í verkalýðsfélögum.<sup>91</sup>

En hvers vegna er aukið atvinnufrelsi eftirsóknarvert? Í fyrsta lagi tryggir það einstaklingum innan ríkjanna persónulegt frelsi, sem þeir geta nýtt sér að vild svo lengi sem þeir skerði ekki frelsi annara. Þegar einstaklingar lifa við slíkt frelsi og ráðstafa eigin tíma, fjármunum og hæfileikum hefur ríkið þá skyldu eina að standa vörð um og tryggja þetta frelsi einstaklingsins. Þegar vísitala atvinnufrelsis er há bendir það til þess að lönd búi við aukna fjárfestingu, hærri tekjur á hvern íbúa og almenna hagsæld. Skilyrði einstaklinga batna í samræmi við aukið atvinnufrelsi og hinna fátæku ekki síður en hinna ríku. Þannig lækkar hlutfall fátækra í löndum sem búa þegnum sínum vítækt atvinnufrelsi ásamt því að lífsskilyrði batna almennt til muna, til dæmis aukast lífslíkur eftir því hversu háa einkunn land hlýtur við mælingar á atvinnufrelsi. Atvinnufrelsi hefur einnig áhrif á samvinnu aðila samfélagsins þar sem frjálsir aðilar mætast á markaði og hagnast á viðskiptum hver við annan, enda er það ekki svo að aðeins annar aðilinn hagnist í viðskiptum tveggja manna. Þessi samvinna skilar sér ekki síst í bættu aðgengi þeirra sem gætu talist minnihlutahópar að markaðnum, þar sem einstaklingar á markaði eru ólíklegri til að mismuna þeim í ljósi þess að hagur allra liggur í viðskiptunum. Við atvinnufrelsi, ólíkt því sem á til að gerast þar sem stjórnvöld vasast í málum, leitar fjármagn markaðarins í hagkvæmustu framleiðsluna. Með öðrum orðum laðar vel rekið og arðbært fyrirtæki, eða hugmynd, að sér fjármagn, á meðan tap og slæmur rekstur hrindir því frá sér.<sup>92</sup>

Löndunum sem mæld eru samkvæmt atvinnufrelsis-vísitölunni er iðulega skipt niður í fjóra jafna hópa. Þessi hópaskipting fer þá eftir því hvar löndin standa með tilliti til atvinnufrelsis og skiptingin því eftirfarandi: Frjálsustu ríkin mynda einn hópinn, þau næstfrjálsustu annan, næstófrjálsustu þann þriðja og síðan mynda ófrjálsustu ríkin fjórða og síðasta hópinn. Þegar þessir hópar eru

---

<sup>91</sup> Sama heimild, 6-7.

<sup>92</sup> Sama heimild, 1-2.

skoðaðir í ljósi almennra lífskjara (sem mæld eru í vergri landsframleiðslu á mann) í löndunum sem þá mynda kemur í ljós sterkt samband á milli almennra lífskjara og stigs atvinnufrelsis.<sup>93</sup> Þannig var meðal framleiðsla á mann árið 2009 í hópi hinna frjálsustu þjóða um 32 þúsund dalir, en í hópi þeirra ófrjálsustu var sambærileg tala rúmlega 4 þúsund dalir. Munurinn liggur þó ekki aðeins í meðal framleiðslu landanna heldur er einnig töluverður munur á hagvexti á milli frjálsra og ófrjálsra þjóða. Árið 2009 var hann til að mynda 0,9% í hópi ófrjálsustu landanna en á sama tíma 2,4%, í hópi frjálsasta fjórðungsins. Við skoðun á skiptingu tekna, og þá sérstaklega á hlut hinna 10% verst settu, kemur í ljós að hlutur þeirra verst settu er svipaður í öllum fjórðungum, þ.e.a.s. hjá þeim frjálsustu og niður í þá ófrjálsustu. Frjálsasti fjórðungurinn býður hinum verst settu upp á 2,6% af heildartekjum landsins á meðan ófrjálsasti fjórðungurinn býður ögn minna, eða 2,4%. Þrátt fyrir að þessar tölur séu líkar þá er hlutur hópanna í raun ólíkur. Þannig hafa hinir verst settu sem búa í frjálsustu löndunum úr að meðaltali 8735 dölum að moða á meðan samsvarandi hópurinn í ófrjálsustu löndunum fær í sinn hlut ekki nema 1061 dal, að meðaltali. Þessi ójafna skipting sýnir gæfumun landanna en þrátt fyrir að sneiðarnar af heildarkökunni séu svipaðar (2,6% og 2,4%), eru tekjurnar langtum meiri í frjálsustu löndunum, sem á rætur sínar að rekja til þess að kakan sem þar er til skiptanna er mun stærri en hin, sem ófrjálsustu löndin deila meðal þegna sinna.<sup>94</sup>

Í ljósi gagnrýni á réttlætiskenningu Rawls út frá sjónarhóli kvenréttinda, sem minnst var á að ofan, er áhugavert að skoða stöðu kvenna í ríkjum þar sem atvinnufrelsi er ríkulegt. Í skýrslunni *Economic Freedom of the World:2011* kemur fram að hagur kvenna virðist vera bestur við atvinnufrelsi. Þar eru tölur um atvinnufrelsi mátaðar við GI-stuðulinn (e. gender inequality index), en það er stuðull sem notaður er af Sameinuðupjóðunum til mælingar á jafnrétti kynjanna og ójöfnuð milli þeirra. GI-stuðullinn mælir stöðu kvenna út frá fimm þáttum, en þeir eru; tölur um mæðradauða og frjósemi; tölur um fjölda kvenna á þingi og menntunarstig kvenna og að lokum þáttaka kvenna á vinnumarkaði.

---

<sup>93</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 19-20.

<sup>94</sup> James Gwartney og Robert Lawson „*Economic Freedom of the World: 2011 Annual Report*,“ 20-22.

Mælingarnar leiða í ljós að þar sem atvinnufrelsi er með sem bestu móti, að þar er farsæld kvenna hvað mest.<sup>95</sup>

---

<sup>95</sup> Sama heimild, 187.

## 7. Kjör hinna verst settu á Íslandi 1995 til 2004

Árið 1991 var hagkerfi Íslands opnað að verulegu leyti og atvinnufrelsi aukið til muna. Verðbólgan, sem hafði verið skæður vágstur, hjaðnaði við aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar og þegar halla á ríkissjóði var loks snúið í afgang var hann notaður til niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs. Þegar þessar aðgerðir sem hófust árið 1991 fóru að bera ávöxt tók við tímabil uppgangs allt frá árinu 1994, þar sem hagvöxtur hélst mikill áratuginn sem fylgdi. Árið 2004 var síðan Ísland komið í hóp þeirra 10 ríkja þar sem víðtækast atvinnufrelsi ríkti.<sup>96</sup> En hver voru áhrif þessara breytinga á kjör hinna verst settu?

Stefán Ólafsson, félagsfræðingur, hefur stundað rannsóknir á tekjuskiptingu og jöfnuði á Íslandi um árabil. Samkvæmt rannsóknum Stefáns, sem kemur fram í skýrslunni *Aukinn ójöfnuður á Íslandi*, breyttist tekjuskiptingin hér á landi lítillega frá sjötta áratug síðustu aldar en ójöfnuður tók síðan að aukast í kringum 1990 og gerði það að verulegu leyti á hverju ári eftir 1995.<sup>97</sup> Þegar ójöfnuður er skoðaður er vert að athuga hvað orsakar hann. Þannig er mögulegt, samkvæmt Stefáni, að hinir ríku hafi aukið veldi sitt á kostnað annara, að hinir verst settu hafi dregist afturúr, og að lokum getur orsökinni verið blanda af báðu.<sup>98</sup> Þegar aukning kaupmáttar og þróun tekjuskiptingar hjá OECD-ríkjum á árunum 1995-2000 er skoðaður, kemur í ljós að á Íslandi jókst hann meira en víðast hvar. Aukinn kaupmáttur þeirra sem skipa hóp þeirra 20% er hafa lægstu tekjurnar var á Íslandi 3,1%, en aðeins Írland, Noregur, Portúgal og Sviss gátu státað af betri árangri í sambærilegum hópi. Yfir heildina, þegar kaupmáttur allra tekjuþega landanna er skoðaður, sköruðu Írar og Íslendingar fram úr með 6,6% meðaltals aukningu kaupmáttar. Ef við skoðum síðan tölurnar yfir Ísland frá 1995 til ársins 2004 var meðalaukning kaupmáttar ögn lægri, eða 5,4%, og í hópi

---

<sup>96</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 34-35.

<sup>97</sup> Stefán Ólafsson. „Aukinn ójöfnuður á Íslandi,“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 2. árg. (2006): 2.

<sup>98</sup> Sama heimild, 8.

hinna 20% tekjulægstu jókst hann um 2,9%. Aukning kaupmáttar var með öðrum orðum mikil á þessum árum en þó virðist hann helst hafa skilað sér til hinna tekjuhæstu þar sem hann jókst um 7,1% frá 1995-2004. Þrátt fyrir það fékk lágtekjufólk Íslands verulega aukningu sé miðað við önnur ríki sem aðild eiga að OECD. Að mati Stefáns hefur aukning kaupmáttar þeirra verst settu breitt að einhverju leyti yfir þá staðreynd að kaupmáttur milli- og hátekjufólks jókst umtalsvert meira. Þannig hafi ójöfnuðurinn ekki verið eins sýnilegur og tilfinnanlegur eins og í löndum þar sem kaupmáttur lágtekjuhópa jókst lítið eða ekkert.<sup>99</sup> En er það ekki einmitt vísbending um að kjörin hafi almennt verið mannsæmandi, og því hafi tekjuskiptingunni verið gefin minni gaumur?

Á árunum 1995-2004 batnaði hagur hinna verst settu 10% umtalsvert. Heildarhækkun tekna þessa hóps var, eftir skatt, um 27%,<sup>100</sup> en yfir heildina var hækkunin að meðaltali 46%.<sup>101</sup> Tekjuhæsti hópurinn fékk í sinn hlut langmestu hækkunina, eða tæplega 78%. Þessi 27% hækkun hinna verst settu gefur meðaltalshækkun um 2,7% árlega á árunum 1994-2005.<sup>102</sup>

Hannes H. Gissurarson tekur, í grein sinni „Réttlæti, jöfnuður og öfund“, saman tölur um hag tekjulægstu 10% í mismunandi OECD löndum og ber þær saman við tölur frá Íslandi. Í ljós kemur að hækkunin á ráðstöfunartekjum þeirra 10% tekjulægstu í aðildarríkjum OECD var á árunum 1996-2000 að meðaltali 1,8%. Aðeins Noregur, með sinn olíuauð, og Írland skákuðu Íslandi, en í Noregi var aukningin 6,9% og á Írlandi var hún 3,6%. Hinir verst settu á Íslandi bættu kjör sín því hraðar en sambærilegir hópar í vel flestum samanburðarlöndunum, svo sem í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð.<sup>103</sup> Ásamt því að kjör hinna verst settu bötnuðu hér á landi hraðar en víðast hvar jukust einnig framlög til heilbrigðis-, skóla- og velferðarmála. Ofan í það var atvinnuleysi nánast ekkert, og því sægur tækifæra til að sjá sér farborða á sómasamlegan hátt.<sup>104</sup>

---

<sup>99</sup> Sama heimild, 9-10.

<sup>100</sup> Sama heimild, 11.

<sup>101</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Réttlæti, jöfnuður og öfund,“ *Skírnir* 181. árg. (2007): 88.

<sup>102</sup> Sama heimild, 89.

<sup>103</sup> Sama stað.

<sup>104</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 39.

Eins og fram kom hér að ofan virðast kjarabætur þær sem urðu að veruleika á árabílinu 1995-2004 hafa aukið bilið milli hinna tekjuhæstu og tekjulægstu. Gini stuðullinn svokallaði, er jafnan notaður til mælinga á tekjuskiptingu landa og hversu jöfn hún er. Mælingin er gerð á bilinu 0 til 1, þar sem 0 merkir að allir hafi jafnar tekjur og 1 merkir að tekjurnar renni allar til sama einstaklins og aðrir fái ekkert fyrir sinn snúð. Eðlilega, í frjálsu hagkerfi, eru tölurnar sem Gini stuðullinn skilar aldrei of nærri núllinu þar sem alger jöfnuður er óraunhæfur í ljósi þess að æviferill manna hefur áhrif á umbun þeirra. Þannig eru til dæmis stúdentar, sem fjárfesta í framtíð sinni, oftast með lægri laun en gengur og gerist á meðan á skólagöngunni stendur en hljóta síðan umbun fyrir nám sitt síðar. Stuðullinn á það til að hækka þegar löndin eru byggð ungum annars vegar og öldnum hins vegar þar sem þessir hópar hafa iðulega lægri tekjur en fólk á miðjum aldri.<sup>105</sup>

Norðurlandþjóðirnar hafa jafnan búið við jafnari tekjuskiptingu en Bandaríkjamenn, Kanadamenn, Bretar og Írar (hinar engilsaxnesku þjóðir) og það hefur Gini stuðullinn sýnt fram á, svart á hvítu. Síðustu ár hefur jöfnuður hins vegar minnkað á Norðurlöndum og færst nær því sem gerist í engilsaxnesku löndunum.<sup>106</sup> Gini stuðullinn fyrir Ísland árið 1995 var 0.20.<sup>107</sup> Hann hækkaði jafnt og þétt, og árið 2004 var hann orðinn 0,25, en þá reyndust Danir og Svíar með lægri stuðla á meðan Finnar og Norðmenn mældust með meiri ójöfnuð. Löndin voru samt sem áður á svipuðu róli, þegar jöfnuður var annars vegar.<sup>108</sup>

---

<sup>105</sup> Sama heimild, 107.

<sup>106</sup> Sama heimild, 108.

<sup>107</sup> Stefán Ólafsson. „Aukinn ójöfnuður á Íslandi,“ 4.

<sup>108</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 109-110.

## 8. Þróun kjara hinna verst settu

Eins og fram hefur komið bötnuðu kjör manna á Íslandi verulega á árunum 1995 til 2004, en hvernig skyldi þróunin hafa orðið? Góðærið sem hér ríkti frá árinu 1995 má rekja til lækkunar skatta og aukins einkaframtaks í kjölfarið. En í ljósi þess að lánsfjárbóla myndaðist, hér sem víðar, og sprakk síðan í loft upp á haustmánuðum 2008 er vert að skoða að hve miklu leyti góðærið var byggt á froðu og lánsfé. Hannes Hólmsteinn bendir á, að í góðæri árunna 1995 til 2004 hafi erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins ekki verið verulega háar en aukist til muna frá árinu 2004 til ársins 2007. Þar sem ríkið skuldaði ekki mikið á þessum tíma er ljóst að skuldirnar, sem jukust svo, tilheyrðu fyrirtækjum og heimilum landsins.<sup>109</sup> Að því sögðu getur reynst athyglisvert að skoða stöðu hinna verst settu; hvernig hún er í dag, og hvernig hún þróaðist; í óða-góðæri og við kreppuskilyrði.

Þróun árunna 1995-2004 hélt áfram, þó með auknum hraða. Ójöfnuður jókst í tekjuskiptingu landans þar sem hinir tekjuhæstu héldu áfram að fá í sinn hlut gríðarlega tekjuaukningu. Ójöfnuðurinn náði hámarki árið 2007 en þá var Gini-stuðull fyrir Ísland kominn í 0,29, en eins og kom fram hér að ofan var stuðullinn árið 2004 0,25.<sup>110</sup> Þessi aukning verður að teljast veruleg en hann átti sér stað við þenslu hagkerfisins – oft kallað bóluhagkerfi með vísan í áðurnefnda lánsfjárbólu – frá 2005 til 2007. Eftir hrun fjármálageirans og allsherjar samdrátt í efnahagslífi landsins tók að vinda ofan af ójöfnuðinum, en á árunum 2008-2009 fór Gini-stuðullinn úr 0,29 niður í 0,27, sem er um það bil sama staða og hann

---

<sup>109</sup> Hannes H. Gissurarson, *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*, 102-106.

<sup>110</sup> Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. *Aukinn ójöfnuður tekna 1995-2007 og umskiptin 2008-9*, Þjóðmálastofnun, 2010, 1.



var í árið 2005.<sup>111</sup> Árið 2010 var stuðullinn síðan kominn niður í 0.236, sem jafnast á við tekjuskiptinguna hér á landi í kringum 1998 til 1999.<sup>112</sup>

Hlutdeild hinna verst settu í heildartekjum landsins jókst á ný eftir að hafa minnkað stöðugt áratuginn á undan. Hlutdeild þeirra var til dæmis 4,6% af heildartekjunum árið 1995 en var komið í 3,9% árið 2003. Á árunum 2005-2007 minnkaði hlutur hinna verst settu úr 3,5% árið 2005 niður í 3% árið 2007. 2009 var sú tala komin upp í heil 4%, eða svipað og árið 2002.<sup>113</sup> Þó verður að taka með í reikninginn að heildarkakan sem hlutdeildin er í hefur dregist gríðarlega saman, sem þýðir að þrátt fyrir að hlutdeildin í kökunni sé meiri, er sneiðin snauðari að hitaeyningum.

Þjóðarframleiðslan dróst saman um heil 10% á árunum 2008 til 2010 sem er næst mesti samdráttur í sögu lýðveldisins, en aðeins á tímabilinu frá 1948 til 1952 var meiri samdráttur hér á landi.<sup>114</sup> Í samanburði við aðrar þjóðir koma Íslendingar einna verst út úr krepunni, en samdráttur vergrar landsframleiðslu var meiri í aðeins fjórum löndum á árunum 2008 til 2010. Lettland, Eistland, Litháen og Írland eru einu löndin sem fengu stærri skell, en Grikkland fylgdi þó fast á hæla Íslendinga og glíma enn við gríðarlega efnahagsvanda.<sup>115</sup> Afleiðing þessara efnahagshremminga á lífskjör heimila landins hafa verið umtalsverð. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilana rýrnaði um heil 27% á árunum 2008 til 2010. Stjórnvöld mættu þessari kjaraskerðingu með umbreytingu á skatta- og bótakerfi þannig að hinum verst settu væri hlíft, eftir bestu getu, en hjá láglæuna- og millitekjuhópunum var kjaraskerðingin ekki jafnumfangsmikil og hjá þeim er hæst höfðu launin.<sup>116</sup> Kaupmáttur launa rýrnaði um 12% frá 2008-2010, en sú rýrnun hefur að einhverju leyti gengið til baka þar sem kaupmátturinn hefur aukist um 6.8% samtals síðustu tvö ár.<sup>117</sup>

---

<sup>111</sup> Sama heimild, 2.

<sup>112</sup> Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. *Umfang krepunnar og afkoma ólíkra tekjuhópa*, Þjóðmálastofnun, 2012, 7.

<sup>113</sup> Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2010, 2-3.

<sup>114</sup> Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012, 5.

<sup>115</sup> Sama heimild, 14-15.

<sup>116</sup> Sama heimild, 13.

<sup>117</sup> Sama heimild, 19.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkaði langmest hjá hinum tekjuhæstu á þessu títtnefnda tímabili, 2008 til 2010, eða um heil 38%. Hinir verst settu komu best út úr þessari rýrnun kaupmáttar en hjá þeim nam skerðingin ekki nema um 9%. Millitekjuhópar sluppu einnig mun betur en þeir hæstlaunuðu. Þessar tölur þykja benda til þess að stjórnvöld hafi beitt úrræðum sínum til varnar þeim verst settu og til varnar velferðarkerfinu.<sup>118</sup> Til að setja þessar tölur í samhengi er ekki úr vegi að líta til Írlands sem, eins og fram hefur komið, fór illa út úr efnahagskreppunni. Rýrnun kaupmáttar í Írlandi lenti ólíkt því sem gerðist á Íslandi, verst á hinum verst settu þar í landi og minnst á þeim sem best hafa það.<sup>119</sup>

Atvinnuleysi sem var nánast óþekkt vandamál á Íslandi fyrir hrun, jókst verulega. Aukningin var slík að annað eins hefur ekki sést hér á landi síðan eftir heimstyrjöldina síðari. Þrátt fyrir það glíma Íslendingar ekki við jafnvíðtækt atvinnuleysisvandamál og ýmsar Evrópuþjóðir, en atvinnuleysið er hærra að meðaltali innan ESB en á Íslandi.<sup>120</sup>

Eftir nokkur mögur ár kreppuástands eru horfur við Íslandsstrendur nú ögn betri. Eftir stöðugan samdrátt frá hruni og til sumars 2010 hefur þróunin snúist hægt við. Hagvöxtur hefur mælst nokkur, í raun var hann með því hæsta sem mældist á meðal vestrænna þjóða, og spár segja til um frekari vöxt sem skákar meðaltalsspá fyrir Evrópu og Bandaríkin.<sup>121</sup>

Segja má að afleiðingar samdráttarskeiðs síðustu ára hafi verið þau að kjör þeirra sem best höfðu það – kjörin sem höfðu hækkað hraðast — féllu á svipaðan hátt, á meðan kjör hinna verst settu, sem höfðu batnað verulega, versnuðu að miklu leyti en þó minna en þeirra sem hæst höfðu launin.<sup>122</sup> Þessar breytingar á kjörum hópanna hafa gert það að verkum að jöfnuður samkvæmt Gini-stuðlum mælist meiri hér á landi en á árunum fyrir hrun en lífskjör almennings eru þó verri, þar sem það sem til skiptanna er hefur rýrnað.

---

<sup>118</sup> Sama heimild, 53-54.

<sup>119</sup> Sama heimild, 56.

<sup>120</sup> Sama heimild, 15.

<sup>121</sup> Sama heimild, 26-27.

<sup>122</sup> Sama heimild, 60.

## 9. Niðurstaða

Réttlætiskening Rawls virðist enn lifa góðu lífi, hér á landi sem annars staðar. Kenningin er stór og voldug röksemdafærsla fyrir skipulagi frjálslyndra lýðræðisríkja, og deginum ljósara er hvers vegna hún hefur haft þau áhrif á stjórn málaheimspeki sem raun ber vitni. Hér að ofan hefur verið fjallað um kenningu Rawls en aðeins lítið brot af þeim skrifum sem hún hefur alið af sér, hvort sem er með henni eða á móti. Umræðurnar um réttlæti á Íslandi hafa á köflum verið líflegar, eins og til dæmis orðaskiptin sem urðu í kjölfar birtingar greinarinnar „Hvað er réttlæti?“ Ljóst er að Rawls hefur með skrifum sínum vakið menn til umhugsunar um réttláta þjóðfélagsskipan og eftt jafnaðarstefnuna að rökum.

Mælingar þær er skoðaðar hafa verið um atvinnufrelsi benda til þess, að kjör hinna verst settu sé best við víðtækt atvinnufrelsi. Með öðrum orðum má segja, að skipulag kapítalisma í frjálslyndu og opnu lýðræðisþjóðfélagi tryggi að þegnum þjóðfélagsins er veittur möguleiki á að bæta stöðu sína og að kjör hinna verst settu séu betri en í öðru þjóðskipulagi. Því er eflaust hægt að segja, að kröfu Rawls um að hinum verst settu séu tryggð sem best kjör sé fullnægt í frjálslyndum vestrænum lýðræðisríkjum. En hinir verst settu eru ekki þeir einu sem njóta góðs af ríkulegu atvinnufrelsi, því að staða kvenna virðist án undantekningar vera betri við slík skilyrði. Gagnrýni Susan Mollers Okins og Carole Patemans á réttlætiskeninguna sem kynnt var hér að ofan byggir á því að hlutur kvenna gleymist við sáttmálagarð, en þegar tölur um atvinnufrelsi eru skoðaðar kemur í ljós, að þar sem atvinnufrelsi er verulegt virðast konur eiga greiðari aðgang að menntun og áhrifastöðum í þjóðfélaginu, og séu því ekki jafn kúgaðar í skjóli stofnanna eins og fjölskyldunnar.

Í gagnrýni sinni á réttlætiskeninguna hélt Robert Nozick því fram að alls óvíst væri hvort að hinir best settu græddu meira á samvinnu þeirri sem felst í samfélagi manna en hinir verst settu. Í ljósi vísitölu atvinnufrelsis gæti hugsuður af sama skóla og Nozick eflaust fært rök fyrir því, að við verulegt atvinnufrelsi

hafi framtakssamir einstaklingar nægilegt svigrúm til að stofna fyrirtæki og leggja til verðmætasköpunar þjóðfélagsins. Þegar atvinnufrelsið er skert er erfiðara um vik fyrir frumkvöðla og hæfileikamenn að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og nýta hæfileika sína, þannig að þjóðfélagið verður af þeim verðmætum sem skapast hefðu fyrir tilstuðlan þeirra og kakan sem til skiptanna er verður minni en ella.

Hagur hinna verst settu á Íslandi hefur á síðustu áratugum tekið örum breytingum. Á tímabilinu frá 1995 til 2004 batnaði hann hraðar en víðast í heiminum, en versnaði svo í kreppunni sem fylgdi. Eflaust má segja að sú stefna stjórnvalda að hlífa hinum verst settu við högginu sem fylgdi kreppunni hafi verið í anda Rawls, en ekki má gleyma að samkvæmt Rawls er misskipting leyfileg komi hún hinum best settu vel, eins og raunin var frá 1995 til 2004. Eigi réttlætiskenning Rawls á annað borð að vera yfirþæranleg af blöðunum yfir í hinn raunverulega heim – hún sé með öðrum orðum ekki bara skýjaborg fræðimanns — mætti segja að þjóðfélagsskipun sú er ríkti hér á landi á árablinu 1995 til 2004 hafi að vissu leyti verið í anda réttlætiskenningar John Rawls þó að tekjumunurinn hafi aukist, því að Rawls boðaði öfundarlausu skiptingu gæða þar sem að krafan var að hinir verst settu skyldu njóta góðs af.

## Heimildaskrá

- Eyjólfur Kjalar Emilsson. „Verðleikar og sannleikur.“ *Tímarit Máls og menningar* 46. árg. (1985): 232-240.
- Gilje, Nils og Gunnar Skirbekk. *Heimspakisaga*. Þýðandi Stefán Hjörleifsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.
- Gunnar Örn Sigvaldason. „Hvað getum við gert? Hvað getum við orðið? Færninálgunin og félagslegt réttlæti.“ Meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2012.
- Gwartney, J. og Lawson, R. *Economic Freedom of the World: 2011 Annual Report*. Economic Freedom Network, 2011.  
[http://www.freetheworld.com/2011/reports/world/EFW2011\\_complete.pdf](http://www.freetheworld.com/2011/reports/world/EFW2011_complete.pdf) (sótt 1. júlí 2012).
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*. Reykjavík: Bókafélagið, 2009.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Réttlæti, jöfnuður og öfund.“ *Skírnir* 181 árg. (2007): 82-95.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Stjórn málaheimspeki*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1999.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Um réttlætishugtök Hayeks og Nozicks“ *Skírnir* 160. árg. (1986): 231-281.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. „Jafnaðarstefna nýrrar aldar – hugmyndir og viðfangsefni.“ <http://www.framtid.is/?i=5&f=5&o=145> (sótt 13. September 2012).
- Kymlicka, Will. *Contemporary Political Philosophy*. 2. útg. Oxford: Oxford University Press, 2002.
- Nozick, Robert. *Anarchy, State and Utopia*. Oxford: Basil Blackwell, 1980.
- Rawls, John. *A Theory of Justice. Revised Edition*. Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 1999.

- Rawls, John. *Justice as Fairness. A Restatement*. Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 2001.
- Sigríður Halldórsdóttir. „Hvað felst í réttlætiskenningu Johns Rawls og hver er kjarni femínískrar gagnrýni Susan Moller Okin á kenninguna?“ B.A. ritgerð, Háskólinn á Bifröst, 2010. <http://hdl.handle.net/1946/4588> (sótt 10. ágúst 2012).
- Stefán Ólafsson. „Aukinn ójöfnuður á Íslandi.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 2. árg. (2006): 129-156.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. *Aukinn ójöfnuður tekna 1995-2007 og umskiptin 2008-9*. Fréttabréf nr. 11. Reykjavík: Þjóðmálastofnun, 2010.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. *Umfang kreppunnar og afkoma ólíkra tekjuhópa*. Reykjavík: Þjóðmálastofnun, 2012.
- Tómas Ingi Adolfsson. „Um sáttmálakenningu Rawls. Tímamótaverk eða réttlætning undirokunar?“ B.A. ritgerð, Háskóli Íslands, 2009. <http://hdl.handle.net/1946/2244> (sótt 10. ágúst 2012).
- Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*. Reykjavík: Heimskringla, 2008.
- Vilhjálmur Árnason. „Hugsjónir jafnaðarstefnunnar“ 2004. <http://www.framtid.is/files/bahiggbahf/Jafnan.ppt> (sótt 18. ágúst 2012).
- Vilhjálmur Árnason. „Réttlæti og trúsnannindi, eða Vegurinn, sannleikurinn og lífið“, *Tímarit Máls og menningar* 47. árg. (1986): 376-382.
- Þorsteinn Gylfason. *Réttlæti og ranglæti*. Reykjavík: Heimskringla, 1998.